

Miðvikudaginn 21. desember 1994 kl. 13:30

42. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 40/1994

Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 4/1994 frá 16. desember um kvörtun vegna samkeppnishindrana við dreifingu sveppa

**I
Málsatvik**

Hinn 5. desember 1994 barst erindi frá lögmanni Félags íslenskra stórkaupmanna, FÍS, f.h. dreifingarfyrirtækisins MATA h.f. um að Flúðasveppir neiti að selja fyrirtækinu sveppi í samræmi við ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1994. Í ákvörðun Samkeppnisráðs segir m.a.: *"Samkeppnisráð mælir fyrir um að Flúðasveppir, Undirheimum Hrunamannahreppi, selji sveppi til þeirra dreifingaraðila á heildsölustigi, sem þess óska, þegar svo stendur á að innflutningur á sveppum sætir takmörkunum og aðrir innlendir framleiðendur sveppa hafa ekki sveppi til sölu."*

Lögmaðurinn kveður tildrög erindisins vera þau að MATA h.f. hafi, í kjölfar þess að Landbúnaðarráðuneytið stöðvaði innflutning á sveppum 10. nóvember s.l., leitað eftir því að fá keypta sveppi af Flúðasveppum til umboðssölu. Flúðasveppir hafi vísað á Sölufélag garðyrkjumanna/Banasöluna með kaup á sveppum sem sé í raun samkeppnisaðili MATA h.f. á heildsölustigi. Segir lögmaður FÍS að ekki verði annað skilið en Flúðasveppir fari með þessu gegn áður tilvitnaðri ákvörðun Samkeppnisráðs. Er þess óskað að Samkeppnisráð *"neyti heimilda sinna skv. samk. l. nr. 8/1993 og skyldi Flúðasveppi að viðlögðum dagssektum að selja umbj. vorum sveppi til endursölu á markaði hér innanlands."*

**II
Athugasemdir lögmanna málsaðila**

1.

Samkeppnisstofnun leitaði umsagnar Flúðasveppa um erindi MATA h.f. Hinn 8. desember bárust athugasemdir frá Tryggva Gunnarssyni hrl. f.h. Flúðasveppa. Þar kemur fram að Flúðasveppir hafi talið sig vera í viðræðum við MATA h.f. og verið að leita leiða til að verða við óskum fyrirtækisins um kaup á sveppum. Lýsir umbjóðandi lögmannsins yfir undrun á kvörtun FÍS á þessu stigi máls. Lögmaðurinn vísar í athugasemdum sínum til þess að ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1994 hafi verið skilyrt með eftirfarandi hætti: "*Vörumeðferð heildsala á jafn viðkvæmri vöru og sveppum og umbúnaður við geymslu, dreifingu og flutning skiptir framleiðandann verulegu máli. Því er söluskylda Flúðasveppa skilyrt með þeim hætti að fyrirtækinu er einungis gert að útvega þeim dreifingaraðilum á heildsölustigi sveppi sem uppfylla hlutlæg og réttmæt skilyrði er lúta að því að tryggja gæði sveppanna.*"

Þá segir í athugasemdum lögmannsins: "*Í kjölfar þeirrar ákvörðunar landbúnaðarráðuneytisins 10. nóvember s.l. að heimila ekki frekari innflutning á sveppum hefur umbj. m. leitast við að bregðast við óskum heildsöluaðila um að fá keyptar vörur frá Flúðasveppum til dreifingar. Eins og tekið er fram í ákvörðun samkeppnisráðs eru sveppir viðkvæm vara og það skiptir því framleiðanda eins og Flúðasveppi miklu að tryggja að umbúnaður við geymslu, dreifingu og flutning vörunnar sé fullnægjandi. Þá hefur umbj. m. lagt á það áherslu að koma dreifingu til heildsöluaðila fyrir með þeim hætti að hann þurfti ekki sjálfur að sinna daglegum samskiptum við slíka aðila, svo sem vegna pantana, afgreiðslu einstakra vörusendinga, útskrift reikninga og innheimtu. Rétt er að benda á að því fer fjarri að Mata h.f. sé eina heildsölufyrirtækið sem kann að leita eftir kaupum á sveppum. Umbj. m. kýs að einbeita sér að framleiðslu á sveppum og leggur áherslu á vöruvöndun á því sviði.*"

Til að mæta framangreindum atriðum og ákvörðun samkeppnisráðs hefur umbj. m. ákveðið að semja við Bananasöluna h.f. um að það fyrirtæki sjái um að annast fyrir hans hönd flutning á sveppunum frá Flúðum til Reykjavíkur með fullkomnum kælibíl og sölu, afgreiðslu og flutning til heildsöluaðila, þ.m.t. til Sölufélags garðyrkjumanna svf. Eins og bent var á hér fyrr er hugsanlegt að fleiri heildsöluaðilar, en þau fyrirtæki

sem

beinlínis

hafa sinnt sölu á innlendu grænmeti fram að þessu, óski eftir að kaupa sveppi til heildsöludreifingar og einnig er óvíst í hvaða magni heildsölufyrirtækin óska eftir að kaupa sveppi frá umbj. m. Umbj. m. hefur því samið um það við Bananasöluna h.f. að hún sjái um samninga um sölu til þeirra aðila sem kaupa innan við 1000 kg af sveppum á viku, en umbj. m. mun sjálfur gera rammisamning um söluskilmála og greiðslukjör við þá aðila, sem kaupa meira magn, þó að Bananasalan h.f. annist fyrir hans hönd afhendingu á vörunni til viðkomandi heildsöluaðila."

Lögmaðurinn tekur fram að Bananasalan h.f. sé sjálfstætt hlutafélag sem sé m.a. í eign umbjóðanda hans. Félagið starfi eingöngu að innflutningi og heildsölu á ávöxtum auk þess að flytja inn grænmeti vegna útboða á sölu eins tiltekins viðskiptamanns. Jafnframt upplýsir lögmaðurinn að Bananasalan h.f. sé starfrækt að hluta í sama húsnæði og Sölufélag garðyrkjumanna og kaupi ákveðna þjónustu af því.

Lögmaður Flúðasveppa bendir á að MATA h.f. hafi í bréfum sínum gert kröfu um að fá ákveðið magn af sveppum í umboðssölu. Telur hann ekki að ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1994 skyldi umbjóðanda hans til að afhenda hvaða heildsöluaðila sem þess óskar sveppi í umboðssölu. Þá segir í athugasemdum lögmannsins: "Ákvörðun um gjaldfrest á kaupverði og eftir atvikum umboðssölu verður að byggjast á samkomulagi aðila. Fyrir liggur að Mata hf. á þess kost að kaupa sveppi frá umbj. m. samkvæmt fyrirliggjandi tilboði, en Mata hf. hefur ekki leitað eftir samningum um greiðslukjör."

Lögmaðurinn vísar í tilboð sem umbjóðandi hans gerði MATA h.f. 6. desember s.l.: "Vegna tilboða umbj. m. til Mata h.f., dags. 6. desember s.l., skal tekið fram að umbj. m. hefur lagt mikla áherslu á að kynna og auglýsa vörumerkið Flúðasveppir í samvinnu við þá aðila sem hafa annast heildsöludreifingu á vörunni. Umbj. m. vænti þess að geta átt hliðstætt samstarf við Mata h.f. og því var í tilboðinu miðað við að Mata h.f. skuldbindi sig til að selja eingöngu Flúðasveppi í þá sex mánuði sem samningurinn átti að gilda og þannig gætu þessir aðilar sameiginlega lagt áherslu á kynningu á sveppum frá Flúðasveppum. Umbj. m. vill að vara hans sé þekkt sem Flúðasveppir en ekki bara einhverjir sveppir. Ekki hefur gefist tóm til að ræða þessi mál við Mata h.f. vegna afstöðu þeirra og vissulega óvíst að um slíkt samstarf geti orðið að ræða. Umbj. m. hefur því ákveðið að binda tilboð sitt til Mata h.f., sbr. bréf dags. 6. desember s.l., ekki lengur því skilyrði að fyrirtækið selji eingöngu Flúðasveppi á samningstímanum."

Í athugasemdum við greinargerð lögmanns Flúðasveppa kveðst lögmaður FÍS ekki geta fallist á að sammingsdrög Flúðasveppa um milligöngu Bananasölnnar h.f. séu í samræmi við ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1994. Telur hann Bananasölnna h.f. ekki vera sjálfstæðan og óháðan aðila enda lúti hún sameiginlegri framkvæmdastjórn með Sölufélagi garðyrkjumanna.

Lögmaður FÍS telur óskir MATA h.f. um að fá sveppi í umboðssölu eðlilega til að viðhalda samkeppni á sveppamarkaðnum. Telur hann það eitt vaka fyrir umbjóðanda sínum að kaupa sveppi á sambærilegum kjörum og keppinautar hans þegar innflutningur er óheimill.

3.

Lögmaður Flúðasveppa ítrekar fyrri athugasemdir um gerð rammammmings á milli umbjóðanda hans og stærri heildsöluaðila um söluskilmála og greiðslukjör. Bendir hann á þegar slíkur samningur hefur verið gerður þá sé það umbjóðanda hans og þá Bananasölnnar h.f. samkvæmt ósk umbjóðandans að annast afhendingu sveppanna, útskrift reikninga og viðtöku á greiðslum.

III

Niðurstöður

1.

Eins og áður er vikið að tók Samkeppnisráð ákvörðun vegna samkeppnishindrana á sveppamarkaðnum í máli FÍS gegn Flúðasveppum sem er nr. 17/1994. Í þeirri ákvörðun mælti Samkeppnisráð fyrir um að Flúðasveppir skyldu selja heildsölufyrirtækjum sveppi þegar innflutningur er takmarkaður og aðrir framleiðendur hafa ekki næga sveppi til sölu.

Lögmaður FÍS f.h. MATA h.f. telur Flúðasveppi brjóta gegn fyrrnefndri ákvörðun Samkeppnisráðs með því að Flúðasveppir vilji selja fyrirtækinu sveppi fyrir tilstilli Bananasölnnar h.f. Lögmaðurinn telur, á grundvelli fyrri ákvörðunar Samkeppnisráðs, að Flúðasveppum beri að selja MATA h.f. sveppi í umboðssölu beint og án milligöngu Bananasölnnar hf.

Lögmaður Flúðasveppa telur fyrirtækið fara að ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1994. Flúðasveppir séu reiðubúnir að semja við MATA h.f. og aðra stærri heildsöluaðila grænmetis um sölu á sveppum. Flúðasveppir muni semja við fyrirtækin um magn, söluverð og greiðslukjör en sökum þess að Flúðasveppir séu

framleiðslufyrirtæki en ekki sölu- eða dreifingarfyrtæki muni Bananasalan h.f., f.h. Flúðasveppa, annast afgreiðslu, sjá um reikningaútskriftir og taka við greiðslum hjá heildsölufyrirtækjum.

2.

Í ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1994 er mælt fyrir um skyldur Flúðasveppa til að selja sveppi samkvæmt nánari skilyrðum. Ekki er mælt fyrir um form sölunnar hvort um umboðssölu verði að ræða eða beina sölu. Verður því ekki séð að krafa MATA h.f. um að fá sveppi keypta í umboðssölu frá Flúðasveppum byggi á fyrrnefndri ákvörðun Samkeppnisráðs. Ósk Flúðasveppa um að Bananasalan h.f. annist afgreiðslu á sveppum til heildsölufyrirtækja, reikningsútskrift og innheimtu f.h. Flúðasveppa fer ekki gegn ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1994 enda hafa Flúðasveppir lýst sig reiðubúna til að semja um sölu á sveppum og verð og greiðslukjör beint við stærri heildsölufyrirtæki.

Ef þau greiðslukjör og það söluverð á sveppum sem Flúðasveppir bjóða heildsölufyrirtækjum mismunar þeim ekki, sé tekið tillit til viðskiptaumsvifa og annarra viðskiptatengdra atriða, lítur Samkeppnisstofnun svo á að Flúðasveppir brjóti ekki gegn ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1994.

IV

Ákvörðunarorð

Samkeppnisráð staðfestir neðangreinda bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 4/1994 frá 16. desember 1994 með vísan til forsendna hennar.

"Samkeppnisstofnun telur að ekki hafi verið reynt til þrautar að ná viðskiptalegu samkomulagi á milli Flúðasveppa annars vegar og MATA h.f. hins vegar í samræmi við ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 17/1994. Á meðan svo stendur á hafnar Samkeppnisstofnun kröfu lögmanns FÍS f.h. MATA h.f. sem sett er fram í erindi dags. 5. desember s.l."